



Viðhorfskönnun starfsmanna Reykjavíkurborgar - Leikskólar

Hvað?

- Könnun til allra starfsmanna Reykjavíkurborgar, greint niður á starfsstaði og starfsfólk (t.d. stjórnendur, leikskólakennarar og annað starfsfólk Reykjavíkurborgar).

Hvernig?

- Allir starfsmenn fá senda vefslóð í tölvupósti á viðhorfskönnun starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Hvenær?

- Könnunin er send til starfsfólks árlega, stuttu eftir áramót.
- Niðurstöður könnunarinnar eru teknar saman fljótlega á vorönn og hver starfsstaður fær sendar niðurstöður, í heildarsamanburði við sambærilega starfsstaði, sem og borgina í heild sinni.

Nýting niðurstaðna

- Niðurstöður eru birtar í Qlik Sense hugbúnaðinum fyrir stjórnendur í Reykjavík.
- Farið er inn á qliksense.reykjavik.is.
 - Skráið ykkur inn með notendanafni
 - Username: rvkskolar\nnotendanafn (það sama og þið notið til að skrá ykkur inn í tölvu)
 - Password: það sama og þið notið til að skrá ykkur inn í tölvu
- Niðurstöður könnunarinnar geta verið gagnlegar ef þær eru kynntar hagsmunaaðilum, samræður eiga sér stað og unnið er með þætti sem þarfnast umbóta samkvæmt niðurstöðum.
- Umbótaáætlun í kjölfar niðurstaðna er hægt að vinna í þessu formi:
 - [Vefslóð](#) á form umbótaáætlunar má finna á þessari síðu (hægra megin neðarlega).

Áherslur í Menntastefnu

- Áhersluþættir Menntastefnu Reykjavíkur til 2030 eru fimm, þ.e. félagsfærni, sjálfsefning, læsi, heilbrigði og sköpun.
- Mælikvarðar sem hægt er að nota úr viðhorfskönnun starfsmanna til að meta áhersluþætti menntastefnunnar:
 - Áhrifaríkir starfshættir
 - Mínum vinnustað er vel stjórnað
 - Starfsfólk á mínum vinnustað miðlar þekkingu sín á milli
 - Samvinna er góð á mínum vinnustað
 - Vinnuaðstaða mín er góð
 - Ég hef aðgang að þeim gögnum og tækjum sem til þarf





- [Gátlistar menntastefnu Reykjavíkur](#) eru gagnlegir leikskólum til að skoða/meta hvernig þeim gengur að efla þætti stefnunnar (innra mat/sjálfsmat). Leikskólar velja sjálfir hvort þeir noti gátlistana, það er val.

Tengiliður/stuðningur

- Tengiliður skrifstofu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar vegna starfsmannakannana er Guðný Reynisdóttir, mannauðsráðgjafi gudny.reynisdottir@reykjavik.is

